

## Fundargerð

### Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 22. nóvember 2019.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.05 og lauk kl. 18.20.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson, Kristinn Arason, Karl Georg Klein og Sveinn Sigurbergsson. Forföll: Aðalsteinn Valdimarsson, Viðar Halldórsson og Ragnar Hilmarsson.

### Dagskrá:

#### 1. Kjörbréf á stofnþing Bogfimisambands Íslands

Samþykkt að framkvæmdastjóri ÍBH sé aðalfulltrúi og Kristinn Arason sé varafultrúi á kjörbréfi.

#### 2. Reglur um leyfi starfsfólks til þátttöku í íþróttamótum

Hafnarfjarðarbær samþykkti í bæjarráði 10. október sl., að heimila stjórnendum að veita starfsfólki leyfi frá störfum án skerðingar fastra launa til að taka þátt í íþróttamótum ef þau fá ekki greiðslu frá öðrum vegna vinnutaps. Leyfið takmarkast við íþróttafólk, fararstjóra og þjálfara vegna þátttöku í Ólympíuleikum, heimsmeistaramótum, Evrópumeistaramótum, Norðurlandamótum og landskeppnum. Stjórn ÍBH fagnar þessari samþykkt.

#### 3. Lög Bogfimisfélagsins Hróa Hattar

Bréf frá ÍSÍ dagsett 13. nóvember sl. lagt fram til kynningar. Athugasemdunum hefur verið komið á framfæri við félagið.

#### 4. Kynning á ljósmyndakeppni

Bæjarblaðið Fjarðarfréttir hefur samþykkt að kynna keppnina í blaðinu og birta á vef. Auk þess að kynna verðlaunamyndir í blaðinu og á fréttavef að lokinni keppni.

#### 5. Afrekssjóður ÍBH

Formaður stjórnar Afrekssjóðs ÍBH Hörður Þorsteinsson fór yfir fund stjórnar sjóðsins sem var haldinn 12. nóvember sl. og samþykktar breytingar á reglugerð um sjóðinn sem tóku gildi 15. nóvember sl. Stjórn ÍBH samþykkir breytingarnar. Breytingarnar eru eftirfarandi:

Ferðastyrkir einstaklingar með félagsliði hámark 4 á ári.

Ferðastyrkir einstaklingar með landsliði hámark 4 á ári.

Afreksstyrkir lækka úr kr. 70.000 í kr. 60.000 hver styrkur.

Fararstjórastyrkir lækka úr kr. 80.000 í kr. 70.000 hver styrkur.

EM félagsliða styrkir í 2 umferðir að hámarki.

Umsækjendur sem fá greiðslur vegna þátttöku sinnar í verkefnum frá sérsamböndum eða alþjóðasambandi sem nema 100% af kostnaði geta ekki sótt um styrk úr Afrekssjóði ÍBH.

Sækja þarf um styrki innan tveggja mánaða frá því að ferð er lokið.

Stjórn ÍBH skorar á bæjarsjóð að auka framlögin í sjóðinn.

**6. Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar 2020**

Drög lögð fram til kynningar og umræðna. Í drögum fyrir árið 2020 eru engir fjármunir áætlaðir í nýframkvæmdir íþróttamannvirkja. Vert er að vekja athygli á þessu því þetta er ekki í samræmi við 5 ára fjárhagsáætlun til nýframkvæmda íþróttamannvirkja.

**7. Tímaúthlutun knattspyrnutímar vetur 2019-2020**

Tímarnir sem eru til úthlutunar voru sendir skrifstofu ÍBH 19. nóvember sl. um er að ræða 53 tíma á viku á gervigrasi Ásvalla, 35 tíma á viku í knattúsinu Skessunni, 53 tíma á viku í Dvergnum og 53 tíma á viku í Risanum. 20. nóvember sl. funduðu félögin með ÍBH um tímana. Unnið er að gerð samkomulags sem áætlað er að verði tilbúið í vikunni 27. – 29. nóvember nk.

**8. Fyrirmyndariþróttahérað ÍSÍ**

Formaður og framkvæmdastjóri ÍBH upplýstu fundarmenn um stöðuna á verkefninu sem er á lokastigi.

**9. Nýr starfsmaður hjá ÍSÍ**

ÍSÍ hefur ráðið Birki Smára Guðmundsson lögfræðing í hlutastarf í starf lögfræðings á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík.

**10. ÍSÍ bikar umsóknir**

Umsóknir kynntar og kosning. Bikarinn verður afhentur á Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 27. desember nk.

**11. Önnur mál**

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.